# Fermingarblað Vífils 1989

1. TÖLUBLAÐ 1989 11. ÁRGANGUR



# Húseigendatrygging er sjöföld trygging!



- Vatnstjónatrygging
- Glertrygging
- Foktrygging
- Brottflutnings- og húsaleigutrygging
- Innbrotstrygging
- Sótfallstrygging
- Ábyrgðartrygging húseigenda

**Brunabótafélag Íslands**

LAUGAVEGI 103, 105 REYKJAVÍK. SÍMI 696000.
UMBOÐ GARÐABÆJAR - GARÐATORGI 5 - SÍMI 651740

# Kœru bœjarbúar

Núna í ár eru liðin ellefu ár síðan Fermingarblað Vífils kom fyrst út og má því segja að það sé orðið að föstum lið í starfi félagsins. Í blaðinu hafa alltaf verið frétttir og myndir úr starfi félagsins auk þess sem í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju. Þetta er gert í tengslum við sölu fermingarskeyta Vífils, sem er bæði bæjarbúum til þæginda og félaginu til styrktar.

Nafnalistarnir í þessu blaði eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Líklegt er að ýmsar breytingar hafi orðið á listunum frá þeim tíma.

**Við viljum minna bæjarbúa á að salan á skátaskeytunum fer fram í skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 hér í bæ.**




Að lokum viljum við benda á að hægt verður að fá skrautrituð skeyti eins og áður, en það hefur mælst mjög vel fyrir.

Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjulegg og góð viðskipti við bæjarbúa eins og undanfarin ár.

*Skátakveðja,*
*Ritstjórnin*



**Útgefandi:**
*Skátafélagið Vífill*
*Hraunhólum 12.*

**Ábyrgðarmaður**
Þór Ingólfsson

**Ritstjórn**
Árni Ingimundarson
Einar Jónsson
Guðlaugur Jóhannsson
Harold Grueneweg
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Karl M. Karlsson
Ómar Birgisson
Ómar Gústafsson
Ólafur Birgisson
Valgerður Halldórsdóttir
Þorsteinn Fransson

**Myndir:**
Karl R. Þórsson
Björn Hilmarsson

**Setning:**
Björn Hilmarsson


METBÓ
18 MÁNAÐA SPARIBÓK
BÚNAÐARBANKINN
TRAUSTUR BANKI
Gullbók
SPARIBÓK
MEÐ SÉRVÖXTUM
BÚNAÐARBANKINN
TRAUSTUR BANKI
MARKVISS STEFNA
Í MEIRA EN
HÁLFA ÖLD
* Arðbær rekstur
* Traust eiginfjárstaða
* Sterk lausafjárstaða
* Mikill vöxtur innlána
* Jöfn dreifing útlána
Innlánsviðskipti – leið til lánsviðskipta.
BÚNAÐARBANKINN
TRAUSTUR BANKI
Garðatorgi 5, Garðabæ, sími 91-656600

# Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils '89

## *Skemmtilegt námskeið í sumar fyrir 8 - 12 ára börn í Garðabæ.*

Ætlunin er að Skátafélagið Vífill starfræki sumardagbúðir, nú í sumar, sem hlotið hafa nafnið *Útilífs- og ævintýranámskeið.*

**Fyrirkomulag** verður á þá leið að þátttakendur verða í sjö heila virka daga í senn, frá klukkan 9.30 á morgnana til klukkan 16.00 á daginn.

**Dagskrá:** Boðið verður upp á fjölbreytta og lærdómsríka útilífsdagskrá og eru inni í myndinni alls kyns dagsskoðunar- og kynnisferðir. Hápunktur námskeiðsins verður tveggja daga útilega, þar sem þátttakendur fá að spreyta sig á skemmtilegum og krefjandi verkefnum útilífsins.

Notuð verður öll sú aðstaða sem skátafélagið Vífill hefur. Er þar um að ræða skátaheimilið Vífilsfell, skátaskálann Vífilsbúð, sem er fyrir ofan Heiðmörkina og allan þann viðleguútbúnað sem Vífill hefur eignast í gegnum árin. . Til þess að þetta ævintýri muni gangi vel og skemmtilega fyrir sig verða reyndir skátaforingjar úr Vífli við stjórnvölinn allan tímann.

**Skráning** í Sumarbúðir Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í íþrótta- og leikjanámskeið Garðabæjar.

Í upplýsingabæklingi sem Íþrótta- og tómstundaráð gefur út í vor verða nánari upplýsinar um ***útilífs- og ævintýranámskeið Vífils.***



# Páskakveðja til skáta.

Mér er ljúft að senda skátum og öðrum lesendum þessa blaðs bestu óskir um gleðilega páskahátíð og vorkveðju, því að öll berum við þá ósk í brjósti að senn komi vor með vaknandi gróðri og gæsku.

Hugsjónir skátahreyfingarinnar eru vorlægar. Þær eru vekjandi og virkar. Þær áttu upphaf sitt í hjarta stofnanda hreyfingarinnar. Baden- Powell átti hina heilögu glóð, sem var að eldi í öllu skátastarfi síðar. Þessi glóð var tendruð af persónulegri trú á hinn upprisna, Jesú Krist, það kemur aftur og aftur fram í ritum hans og ræðum. Lífið var þjónusta við Guð og náungann og skátar skyldu framar öðru gjöra sig hæfa til þeirrar þjónustu. Það hvarflar oft að mér að þessi glóð hafi misst hitamagn sitt. Það er oftar í dag talað um hagkvæmni en hugsjónir, ávinning fremur en áhættu. Öll vitum við þó, að lífsgleði verður ekki keypt, hamingja aldrei höndluð af ytri gæðum einum. Gæfan sönnust og gleðin sjálf á sínar leyndu lindir og skapandi kraft, sem Guð einn getur gefið af náð sinni.

Vorkoma sólarinnar verður fegurst, er þetta gerist í lífi manna. Hugsjónir skáta eru fagrar, en þær munu hér eftir sem hingað til berast út og festa rætur fyrir störf þeirra, sem eldinn eiga hið innra. Hjá þeim verður vor í orðum og athöfnum. Upprisa Drottins Jesú varð lærisveinum hans vorkoma trúarinnar og hún endurnýjaði líf þeirra. Kærleikur Guðs í Jesú Kristi var þeim siguraflið, sem tendraði neistann svo að eldur brann. Við þörfnust enn og ætíð þeirrar endurnýjunar.

Þjóðskáldið, séra Matthías Jochumsson biður í fögrum sálmi:

*-Lát undur þinnar ástar vekja*
*upp elsku hreina í hverri sál.-*

Með þeirri bæn bið ég ykkur heilla og blessunar í öllu skátastarfi. Guð varðveiti íslenska æsku og efli með henni hugsjón hins fagra í hverri mynd.

Bragi Friðriksson





2 góðar fermingagjafir
Svefnpokar
Bakpokar
ajungilak.
KARRIMOR
Narvik
Thermofil fylling
+ 25° C — ÷ 8° C
Þyngd 1900 gr.
Verð kr. 5.690.-
Femund
Hollofil fylling
+ 25° C — ÷ 10° C
Þyngd 1900 gr.
Verð kr. 6.980.-
Igloo
Hollofil fylling
+ 25° C — ÷ 15° C
Þyngd 2000 gr.
Verð kr. 7.990.-
Jaguar E50
50 lítrar
Þyngd 1700 gr.
Verð kr. 7.690.-
Panther 3
65 lítrar
Þyngd 1600 gr.
Verð kr. 8.390.-
Lynx 4
60 lítrar
Þyngd 1100 gr.
Verð kr. 5.590.-
SKÁTABÚÐIN
-SKARAR FRAMÚR
SNORRABRAUT 60 — SÍMI 12045
ATH. Póstsendum samdægurs um allt land

# Bókasafn Garða

V/Vífilstaðaveg
210 Garðabæ
Sími 52687.

**Opið:**

**Mánudaga........... kl. 9 - 19**
**Þriðjudaga.......... kl. 9 - 19**
**Miðvikudaga........ kl. 9 - 19**
**Fimmtudaga........ kl. 9 - 19**
**Föstudaga........... kl. 9 - 19**

**Lokað á laugardögum.**

**Útlán:** Frá klukkan 13.

**Lánstími bóka og reglur:**
Hverjum lánþega er heimilt að fá 4 bækur á skírteini.
Skemmist bók eða týnist, greiðist hún með nýrri eða andvirði hennar.


# Fréttaskot frá Vífli '88 - '89.

## Skátaþing:

Skátafélagið Vífill sá um framkvæmd og skipulag á Skátaþingi í apríl 1988. Þingstaðurinn var félagsmiðstöðin Garðalundur og hentaði hún mjög vel. Alls voru um 180 skátaforingjar af öllu landinu á þinginu. Dagskráin var frá föstudagskvöldi og langt fram á sunnudagskvöldið. Tókst þetta mjög vel og var þingið Vífli og bæjarfélaginu til sóma.

## Skátaheimilið stækkar:

Frá því í október hefur verið unnið við að reisa viðbyggingu við skátaheimilið Vífilsfell. Verkinu miðar vel og er vonast til að hún verði fokheld í apríllok.

Með þessu fæst mjög góð vinnuaðstaða og góður fundarsalur. Þetta hefði ekki gerst ef ekki hefði komið aðstoð frá bæjarfélaginu og erum við í Vífli sérstaklega þakklát fyrir hana.


**Skátaskeytin eru falleg og ódýr.**


# Hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Hátíðahöld sumardagsins fyrsta næst komandi verða með hefðbundnum hætti eins og hin fyrri ár. Skátamessa verður í Garðakirkju klukkan 11 og verður þar meðal annars vígsla nýrra meðlima og afhentar viðurkenningar fyrir gott starf innan félagsins.

Skrúðgangan hefst svo eins og venjan er klukkan 14 eða klukkan tvö. Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar til skáta-





heimilisins að Hraunhólum 12. Þar verður fánahylling og að henni lokinni verður margt um dýrðir. Skátaheimilið verður opið og hægt að tylla sér niður og fá sér kaffibolla eða skoða þær framkvæmdir sem skátarnir verða með fyrir utan. Þar er ætlunin að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Garðbæingar, komið nú og takið þátt í hátíðarhöldunum og hjálpið okkur að kveðja veturinn og fögnum sumri með von um sól og sumaryl.

# *Fermingar í Garðakirkju vorið 1989*

**27. mars kl. 10.30 f.h.**

Áslaug Einarsdóttir
Móaflöt 45
Guðbjörg Björnsdóttir
Marargrund 10
Gyða Karen Guðmundsdóttir
Löngufit 13
Hanna Lilja Jóhannsdóttir
Melási 10
Kolbrún Sigurjónsdóttir
Marargrund 1
Margrét Sigurðardóttir
Hrísmóum 1
Sigrún Helga Sveinsdóttir
Njarðargrund 1
Soffía Fransiska Rafnsdóttir
Löngumýri 7

Bragi Pálsson
Hæðarbyggð 14
Finnbogi Júlíus Guðbergsson
Hrísmóum 5
Frosti Jónsson
Lindarflöt 48
Guðmundur B. Sigurðsson
Lyngmóum 4
Hjörleifur Pálsson
Hæðarbyggð 14
Ómar Gústafsson
Hörpulundi 6
Páll Þórir Jónsson
Melási 11
Rögnv. B. Gunnarss. Johnsen
Dalsbyggð 10
Tómas Karlsson
Lækjarfit 1
Viðar Erlingsson
Fífumýri 9
Víðir Ingi Ívarsson
Faxatúni 22

**27. mars kl. 14.00 e.h.**

Aníta Rut Harðardóttir
Dalsbyggð 11
Ásdís Pétursdóttir
Faxatúni 28
Elín Dóra Halldórsdóttir
Hlíðarbyggð 3
Erla Björg Guðjónsdóttir
Álfaskeiði 37, Hf.
Erla Guðný Gylfadóttir
Hofslundi 1
Guðrún Sigríður Jónsdóttir
Sunnuflöt 23
Kristín Jóhannesdóttir
Þrastarlundi 11
Kristín Þóra Jónsdóttir
Hrauntúni v/Álftanesv.
Laufey Gunnarsdóttir
Hrísmóum 3
Lovísa Ólafsdóttir
Þrastarlundi 10
Sigurlaug María Jónsdóttir
Sunnuflöt 23
Silja Hrund Júlíusdóttir
Eskiholti 3
Vilborg Eva Björnsdóttir
Lyngmóum 16

Atli Ágústsson
Lyngmóum 6
Baldur Eyþór Eyþórsson
Móaflöt 43
Bjarki Sigurgeirsson
Engimýri 1
Erik Hermann Gíslason
Móaflöt 12
Guðmundur Kristinn Erlendss.
Markarflöt 17
Gunnlaugur Pétur Erlendsson
Markarflöt 17
Leifur Ingi Vilmundarson
Krókur 2
Lúðvík Ásgeirsson
Ægisgrund 19
Ólafur Jónsson
Brekkubyggð 16
Sigurður Jóhann Haraldsson
Bakkaflöt 8
Skúli Örn Sigurðsson
Hliðarbyggð 51
Tómas Sigurðsson
Haukanesi 6

**2. apríl kl. 10.30 f.h.**

Auður Lind Aðalsteinsdóttir
Sunnuflöt 31
Elfa Ingibergsdóttir
Aratúni 34
Elsa Rannveig Sveinsdóttir
Engimýri 9 G
Eva Sigurrós Ómarsdóttir
Löngumýri 18
Fanný Lára Hjartardóttir
Brekkubyggð 77
Gerður Eva Guðmundsdóttir
Móaflöt 24
Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir
Sunnuflöt 19
Gunnhildur Jóhanna Gunnarsd.
Engimýri 2
Halla Björg Þórhallsdóttir
Brekkubyggð 26
Harpa Sigurgeirsdóttir
Bæjargili 69
Lára Þyrí Jónsdóttir
Kríunesi 6
Sigríður Valdimarsdóttir
Engimýri 5
Vilborg Edda Torfadóttir
Markarflöt 22

Arnaldur Gauti Johnson
Tjarnarflöt 12
Baldvin Örn Gíslason
Hrísmóum 6
Björn Kristinn Rúnarsson
Suðurvangi 4, Hf.
Egill Rúnar Sveinbjörnsson
Fífumýri 14
Gunnar Jóhanness. Hjaltested
Gígjulundi 3

Gunnlaugur Þór Briem
Markarflöt 27
Hörður Ingi Stefánsson
Kjarrmóum 13
Kristinn Jón Eysteinsson
Bæjargili 37
Pálmi Freyr Randversson
Asparlundi 13
Óskar Ingi Sigmundsson
Dalsbyggð 2
Sigurþór Smári Einarsson
Ásbúð 88
Smári Þorsteinsson
Hrísholti 11
Stefán Sigurðsson
Holtsbúð 17

**2. apríl kl. 14.00 e.h.**

Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir
Einilundi 3
Aðalheiður Sigurðardóttir
Bakkaflöt 4
Andrea Magnúsdóttir
Markarflöt 53
Ásta Salný Sigurðardóttir
Hrísholti 8
Dana Magnúsdóttir
Holtsbúð 71
Dóra Eyland Garðarsdóttir
Markarflöt 39
Jana Gerður Sturlaugsdóttir
Holtsbúð 35
Sigurbjörg Kristín
Þorvarðardóttir
Grenilundi 4
Stefanía Sif Williamsdóttir
Víðilundi 1
Valdís Þóra Gunnarsdóttir
Hlíðarbyggð 33

Árni Ingimundarson
Smiðsbúð 7
Garðar Ingvar Þ. Sigfússon
Espilundi 5
Guðmundur Óli Gunnarsson
Goðatúni 16
Haukur Freyr Gröndal
Brekkubyggð 34
Ólafur Haukur Ólafsson
Holtsbúð 32

Ómar Már Birgisson
Þrastarlundi 9
Ragnar Þórarinn Ágústsson
Holtsbúð 44
Snorri Karl Pálsson
Hæðarbyggð 3
Þorsteinn Yngvi Bjarnason
Ljósamýri 3
Þorsteinn Svavar Fransson
Ásbúð 83

**9. apríl kl. 10.30 f.h.**

Ásta Ásbjörnsdóttir
Hlíðarbyggð 31
Elínborg V. Vilhjálmsd. Kvaran
Holtsbúð 28
Elísabet Björk Björnsdóttir
Dalsbyggð 17
Guðrún Ásdís Össurardóttir
Hofslundi 2
Hildur Edda Jónsdóttir
Hlíðarbyggð 40
Íris Huld Hákonardóttir
Engimýri 10
Jónína Sóley Halldórsdóttir
Hofslundi 11
Katrín Hildur Jónasdóttir
Holtsbúð 36
Kristjana Fjóla Sigursteinsd.
Holtsbúð 53
Ósk Sigurðardóttir
Holtsbúð 26
Ragnheiður Gunnarsdóttir
Espilundi 8
Sigrún Sigurjónsdóttir
Holtsbúð 23
Sigurbjörg Jódís Ólafsdóttir
Holtsbúð 52
Soffía Elísabet Pálsdóttir
Dalsbyggð 23
Vala Guðný Guðnadóttir
Hofslundi 7

Einar Snæbjörn Eyjólfsson
Ægisgrund 4
Einar Örn Jónsson
Holtsbúð 45
Eiríkur Ingi Jóhannsson
Goðatúni 30
Guðlaugur Jóhann Jóhannsson
Espilundi 6

Hallgrímur Valgeir Yoakum
Goðatúni 30
Haraldur Ragnarsson
Dalsbyggð 23

Hrafkell Tjörvi Stefánsson
Markarflöt 41
Jökull Benedikt Knútsson
Furulundi 5
Karl Jónasson
Markarflöt 31
Karl Magnús Karlsson
Sunnuflöt 13
Kristján Hreinn Bergsson
Langamýri 22 C
Ólafur Birgisson
Skógarlundi 13
Óskar Guðmundsson
Asparlundi 8
Róbert Kevin Vaughn
Goðatúni 30
Róbert Örn Rafnsson
Lindarflöt 43
Unnsteinn Fannar Ingólfsson
Sunnuflöt 13

# *Hvernig á að senda skátaskeytin*




Tekið verður á móti pöntunum í skátaheimilinu Vífilsfellli, Hraunhólum 12 í Garðabæ.
**Opið verður milli klukkan 10 og 17.**
Einnig verður hægt að hringja í síma 51989 og 52820 og panta skeyti. Ef pantað er í gegnum síma verður að greiða með greiðslukorti og er þá nægilegt að gefa upp kortanúmer og gildistíma.




**Verð á skeytunum er:**

Vélritað kr. 300.
Skrautskrifuð kr. 600.

Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum.

**Áletrunin á skeytunum er:**

***Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.***

**Einnig verður tekið á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog þá daga sem fermt er í Garðakirkju.**

*Vekjum athygli á því að skátaskeytasalan verður í skátaheimilinu. Þangað eru allir velkomnir !*
*Einnig bendum við á að hægt er að greiða skátaskeytin með greiðslukortum í gegnum síma.*

# Til þeirra sem ætla að senda skátaskeyti.

**Núna í ár fer skeytasalan fram í skátaheimilinu og einnig er ætlunin að breyta innheimtuaðferðinni all nokkuð. Þeir bæjarbúar sem ekki geta komið í Skátaheimilið, geta pantað skeytin í gegnum síma og greitt fyrir skeytin með greiðslukortum. Þetta er gert til að auðvelda okkur innheimtuna því ansi oft komu skátar með kvittanir að tómum húsum og oft þurfti að fara nokkrum sinnum til að hitta á íbúana heima við.**
**Með þessu vonumst við til að auðvelda báðum aðilum þennan þátt skeytasölunnar og vonum við að þið bæjarbúar séuð okkur sammála.**

Með skátakveðju,
Skeytanefndin.



# Frábær árangur skáta úr Vífli á skátamótum í sumar.

## Vormót '88.

Í lok maí á síðasta ári var haldið sem leið liggur til Krýsuvíkur, en þar var fyrsta skátamót sumarsins haldið en það er Vormótið sem Hraunbúar í Hafnarfirði sjá um.
Um þrjátíu skátar fóru frá Vífli og voru staðráðnir í því að standa sig vel. Það tókst svo um munaði því Vífill vann tjaldbúðarverðlaun fyrir laugardaginn og varð í öðru sæti fyrir sunnudaginn. Einnig vann Vífill dagskrárkeppnina sem var í gangi á laugardeginum.
Það voru þreyttir skátar, en ánægðir, sem komu heim frá Krýsuvík.

## Hafravatnsmót '88.

Skátaforingjarnir úr Vífli sameinuðust í einn skátaflokk sem fékk nafnið Sammi. Þeir fóru svo á skátamót við Hafravatn sem Árbúar í Árbænum sáu um. Það má segja að þeir hafi komið séð og sigrað, því þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu dagskrárkeppni mótsins með miklum glæsibrag. Alls tóku um 40 flokkar þátt í keppninni og varð Sammi með langbestan árangurinn.
Í verðlaun fengu þau ferð á skátamót sem haldið var á Vestfjörðum.

## Vestfjarðamót í Vatnsfirði.

Flokkurinn Sammi gerði víðreist og fór í verðlaunaferðina sína á skátamót sem skátafélag Ísafjarðar hélt í þjóðgarðinum í Vatnsfirði. Þar var mikið um að vera eins og venjan er á skátamótum. Farið var í bátsferðir um Breiðafjarðareyjar og í skoðunarferðir um þjóðgarðinn. Sammi stóð sig mjög vel í dagskrárkeppninni og lenti í 2.-4. sæti.





## Vífilsmótið 1989.

Að sjálfsögðu hélt svo Vífill sitt Vífilsmót, en frá því er sagt annars staðar í blaðinu.



***Garðbæingar - skátaskeytin eru falleg !***



# ...kjörin leið til sparnaðar er Kjörbók Landsbankans




Betri, einfaldari og öruggari leið til ávöxtunar sparifjár er vandfundin. Háir grunnvextir og verðtryggingarákvæði tryggja góða ávöxtun. Að auki koma afturvirkar vaxtahækkanir eftir 16 og 24 mánuði. Samt er innstæða Kjörbókar alltaf laus.

**Landsbanki Íslands**
Banki allra landsmanna

# Vífilsmótið '88 í Efridal.

Skátafélagið Vífil hélt 21. Vífilsmótið dagana 15. - 17. júlí í Efridal fyrir ofan Heiðmörk. Á mótið komu rúmlega 300 skátar og létu þeir ekkert á sig fá þótt vonskuveður væri á föstudagskvöldinu og enginn gæti tjaldað fyrr en um miðnættið.

Á mótinu voru hópar frá Þýskalandi, Danmörku, Hollandi og einn frá Ástralíu. Rammi mótsins var "Vertu með" og var aðaltilgangurinn að fá alla til að taka virkan þátt í dagskránni.

Mikil rigning setti svip á dagskrá laugardagsins en skátarnir létu það ekkert á sig fá og busluðu bara þeim mun meira í vatnasafarínu. Loks á laugardagskvöldinu stytti upp og var þá slegið upp allsherjar grillveislu sem "gamlir" skátar úr Vífli áttu allan heiður af. Grillað var lambakjöt og pylsur ásamt tilheyrandi meðlæti handa öllum mótsgestum. Vakti þetta framtak mikla ánægju mótsgesta.

Um kvöldið var svo aðalvarðeldur mótsins og vakti þýski eldgleypirinn einna mestu athyglina. Hátindur kvöldvökunnar var þó er skátahöfðingi Íslands, Gunnar Eyjólfsson kom og talaði til skátanna, bæði íslenskra og erlendra. Sungið var á ýmsum tungumálum og kenndu erlendu skátarnir marga söngva á þeirra máli.

Að lokinni kvöldvökunni var farið í víðavangsleik þar sem allir mótsgestir börðust um olíutunnur sem höfðu að geyma ímyndaðan fjársjóð. Þá fyrst varð nú handagangur í öskjunni.

Loks fengu svo mótsgestir



Merki mótsins

kakó og kex og tilvalið tækifæri til að hressa upp á tungumálakunnáttuna.

Á sunnudeginum var allsherjar íþróttakeppni þar sem keppt var í öllum mögulegum og ómögulegum íþróttagreinum, svo sem eins og stígvélakasti, drumbakasti, blaki, fótbolta, handfótbolta og fleiru. Dagskrárkeppni mótsins unnu Göngugarpar úr Haförnum í Reykjavík.

Mikið var lagt í dagskrá mótsins og voru foringjarnir úr Vífli nánast allan sólarhringinn við undirbúning síðustu vikuna. Öll þessi vinna hefði ekki tekist ef ekki hefði komið aðstoð frá bæjarfélaginu varðandi tæknileg atriði við skipulagningu tjaldbúðar. Að auki viljum við þakka Hjálparsveit skáta í Garðabæ fyrir mikla og góða aðstoð og samvinnu við framkvæmd mótsins.

Öll þessi vinna skilaði svo sannarlega góðum árangri því enn í dag eru skátar að minnast á hve gaman hafi verið á Vífilsmótinu og þeir ætli sko að mæta á það næsta.








Allt á fermingarborðið

*blóm*
*kerti*
*servéttur*
*skreytingar*

Opið frá kl. 8-21
fermingarsunnudagana.

BLÓMABÚÐIN
**GARÐA BURKNI**
GOÐATÚNI 2 - SÍMI 44160



**Hrúgald er tilvalin fermingargjöf**

**Sveinn Bólstrari**
Iðnbúð 5, 210 Garðabæ sími 64 16 22 hs. 65 64 95



# Félagsútilega Vífils að Úlfljótsvatni 3.-5. mars '89.

Helgina 3. - 5. mars síðastliðinn fóru tæplega 40 skátar í hina árlegu félagsútilegu Vífils. Farið var í skátaskálana við Úlfljótsvatn sem eru í eigu Bandalags íslenskra skáta. Farið var frá skátaheimilinu um áttaleytið á föstudagskvöldinu og keyrt til Úlfljótsvatns. Þegar komið var á staðinn var flokkunum skipt niður á herbergin og síðan var útilegan sett. Því næst fengu flokkarnir úthlutað verkefnum sem þeir áttu að klára um kvöldið. Svo fengu allir kakó og kex og draugasögur voru sagðar áður en allir fóru að sofa.

Á laugardagsmorgni var vaknað um hálfníu og þegar búið var að hreinsa stírunar úr augunum var haldin skálaskoðun og svo var farið út í morgunleikfimina þar sem hinir ýmsu snilldartaktar voru sýndir. Því næst var fánaathöfn og svo morgunmatur. Að öllum þessum hefðbundnu atriðum loknum var farið í gönguferð inn að Fossá og þar var farið í flokkakeppni í hinum ýmsu íþróttum. Eftir hádegismatinn var svo póstaleikur þar sem skátarninr lærðu helstu atriði um skyndihjálp, áttavitann, hnúta, framkomu í kvöldvökuleikritum, fjallaferðir, grímugerð, fánaathafnir og margt fleira. Þegar þessu lauk var búið að skreyta borðsalinn fyrir kvöldveisluna, en um hana sá móðir fjögurra skáta úr hópnum. Allir voru málaðir og skreyttir áður en maturinn var borinn fram og var þetta eins og meðal kjötkveðjuhátíð. Seinna var kvöldvakan og svo var farið í næturgönguna. Loks var kakó og kex og svo var farið að sofa.

Á sunnudeginum voru sömu morgunverkin eins og venjulega. Að þeim loknum var farið í flokkakeppni þar til útilegunni var slitið. Þá voru allir skálarnir hreinsaðir hátt og lágt og svo var lagt af stað til Garðabæjar.




**Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa:**

**Baula hf.**
*Bæjarhrauni 4 Hafnarfirði, S:652111.*

**Bitabær**
*Ásgarði Garðabæ , S:50050.*

**Burstagerðin hf.**
*Smiðsbúð 10 Garðabæ, S:41630.*

**Dansstúdíó Dísu**
*Smiðsbúð 9 Garðabæ, S:45399.*

**Kartöfluverksmiðjan Þykkvabæjar**
*Reykjavíkurvegi 72 Hafnarfirði, S:652120.*

**Skútan hf.**
*Dalshrauni 15 Hafnarfirði, S:51810.*


SKÁTAFÉLAGIÐ VÍFILL 20/4 1967 GARÐABÆ

**Stjórn Vífils skipa**

Björn Hilmarsson
*Félagsforingi*

Karl Rúnar Þórsson
*Aðst. félagsforingi*

Hafdís Rut Rudólfsdóttir
*Ritari*

Þór Ingólfsson
*Gjaldkeri*

Halldór S. Magnússon
*Meðstjórnandi.*

Jón Þór Ólason
*Meðstjórnandi.*

# Leitið ekki langt yfir skammt



## Fyrirtækja- og þjónustumiðstöðin Garðatorgi

**HREINT TORG Í FÖGRUM BÆ**

**GARÐATORG**